

GJALDSKRÁ

skipulags- og byggingarnefndar Kjósarhrepps.

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir skipulags- og byggingarnefnd Kjósarhrepps er sett með heimild í skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997.

2. gr.

Við útgáfu byggingarleyfis, framkvæmdaleyfis eða vegna annarrar þjónustu sem skipulags- og byggingarfulltrúi veitir, skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá þessi kveður á um.

3. gr.

Tekjum sveitarfélagsins skv. gjaldskrá þessari skal varið til að standa undir hluta af kostnaði sveitarfélagsins vegna þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa við lóðarhafa og byggingaraðila.

4. gr.

Upphæðir gjaldskrár breytast árlega 1. janúar í samræmi við breytingu vísitölu byggingarkostnaðar.

Grunnvísitalan er 316,7 stig.

5. gr.

Gjaldskráin skiptist í eftirfarandi gjaldflokka:

A – Byggingarleyfisgjöld.

Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er eftirfarandi vinna: ein yfirferð aðaluppdráttu, byggingarleyfi, útmæling fyrir greftri, útmæling og afsetning bygginga og útsetning lóðar, byggingareftirlit, lögbundnar úttektir, foheldisvottorð og vottorð um lokaúttekt.

Yfirlit byggingarleyfisgjalda:

		kr.
Íbúðarhús allt að 600 m ³	pr.hús	100.000
Fyrir rúmmetra umfram 600 m ³	pr.m ³	60
Fyrir útihús á lögbýlum allt að 1000 m ³	pr.hús	50.000
Fyrir rúmmetra umfram 1000 m ³	pr.m ³	30
Sumarhús og annað ekki upptalið allt að 200 m ³	pr.hús	50.000
Fyrir rúmmetra umfram 200 m ³	pr.m ³	100
Viðbyggingar, sólstofur, pallar, smáhýsi, fast gjald	pr.framkv.	5.000
Viðbyggingar, sólstofur, pallar, smáhýsi	pr. m ²	1.000
Atvinnu- og þjónustuhús allt að 500 m ³	pr.hús	70.000
Fyrir rúmmetra umfram 500 m ³	pr.m ³	30

B – Þjónustugjöld.

Greiða skal fyrir þjónustu og leyfisveitingu sem byggingarfulltrúi veitir umfram þá þjónustu sem innifalin er í byggingarleyfisgjaldi. Upphæðir afgreiðslu- og þjónustugjalda breytast árlega í samræmi við breytingu vísitölu byggingakostnaðar.

Yfirlit þjónustugjalda:

	kr.
Hver endurskoðun aðaluppdráttar	5.000
Afgreiðslugjald og endurnýjun leyfis án breytinga	5.000
Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	10.000
Vottorð vegna vínveitingaleyfa	5.000
Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun	5.000
Fyrir grenndarkynningu, minniháttar	10.000
Fyrir grenndarkynningu, umfangsmikil	50.000
Fyrir breytingu á lóðarsamningi	20.000
Fyrir breytingu á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs	15.000
Húsaleiguúttektir	5.000
Útkall byggingarfulltrúa að óþörfu	5.000
Stöðuleyfi	5.000
Gerð stofnskjala	5.000
Fyrir hverja auka útsetningu lóðar/húss; pr.mælingu	15.000

Fyrir gerð nýs deiliskipulags eða vegna breytinga á þegar samþykktu aðal- og/eða deiliskipulagi gildir eftirfarandi: Viðkomandi hagsmunaaðili ber allan kostnað af breytingunum, þó að undanskildum auglýsingakostnaði.

C – Framkvæmdaleyfi.

Gjald fyrir framkvæmdaleyfi ákveður skipulags- og byggingarnefnd eftir umfangi framkvæmda. Gjaldið skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaði sveitarfélagsins við undirbúning leyfisins og eftirlit sem skylt er að framkvæma.

Lámargsgjald skal aldrei vera lægra en kr. 10.000.

6. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu vera á gjalddaga við útgáfu reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Sendur er greiðsluseðill til greiðanda.

Byggingarleyfi er ekki gilt fyrir en gjöld þessi hafa verið greidd samkvæmt settum reglum eða um þau samið.

7. gr.

Gjöldum skv. A- og C-lið fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð. Þau má innheimta með fjárnámi sbr. 3. mgr. 53. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Gjöld samkvæmt A-lið gjaldskrár skulu endurgreidd ef handhafi byggingarleyfis skilar leyfi. Gjöld þessi skulu endurgreidd á nafnverði án verðbóta og vaxta og skuldaviðurkenningar skulu ógildar á sannanlegan hátt.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Kjósarhrepps þann 5. október 2006 með vísun til heimilda í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998 og tekur nú þegar gildi.

Kjósarhreppi, 18. október 2006.

Sigurbjörn Hjaltason oddviti.